

Fundargerð

**278. fundur stjórnar Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins haldinn á skrifstofu
slökkviliðsstjóra, Skógarhlíð 14,
föstudaginn 20. febrúar 2026, kl. 08:00.**

Fundinn sátu:

Heiða Björg Hilmysdóttir, Ásdís Kristjánsdóttir, Valdimar Víðisson, Almar Guðmundsson, Regína Ásvaldsdóttir, Þór Sigurgeirsson, Birgir Finnsson, Aldís Rún Lárusdóttir, Ingveldur Lára Þórðardóttir og Ástríður Þórðardóttir.

Fundargerð ritaði: Ingveldur Lára Þórðardóttir, skrifstofustjóri SHS.

Ásdís Kristjánsdóttir situr fjarfund. Gestir viðstaddir fyrstu fimm dagskrárliði fundarins: Sif Jónsdóttir, ytri endurskoðandi SHS frá Grant Thornton, Sigrún Guðmundsdóttir, varaformaður endurskoðunarnefndar SHS, Ingunn Ólafsdóttir, innri endurskoðandi SHS, og Stefán Viðar Grétarsson frá Innri endurskoðun og ráðgjöf Reykjavíkurborgar.

1. Ársreikningur SHS 2025 - 2602008

Ástríður Þórðardóttir, fjármálastjóri SHS, Sif Jónsdóttir, ytri endurskoðandi SHS, og Sigrún Guðmundsdóttir frá endurskoðunarnefnd SHS fara yfir ársreikning SHS, endurskoðun hans og eftirlit og umsögn endurskoðunarnefndar.

Niðurstaða

Ársreikningur SHS 2025 samþykktur og undirritaður.

Fylgiskjöl

SHS 278 1.1 Ársreikningur SHS 2025.pdf

SHS 278 1.2 Umsögn ESKN um ársreikning 2025.pdf

2. Starfsskýrsla endurskoðunarnefndar SHS 2024-2025 - 2601041

Sigrún Guðmundsdóttir fer yfir starfsemi endurskoðunarnefndar SHS á tímabilinu ágúst 2024 til júní 2025.

Niðurstaða

Kynning.

Fylgiskjöl

SHS 278 2.1 Starfsskýrsla ESKN starfsárið 2024-2025.pdf

SHS 278 2.2 Tilk. um afgreiðslu ESKN á starfsskýrslu 2024-2025.pdf

3. Samkomulag um innri endurskoðun SHS 2026-2027 - 2512015

Ingunn Ólafsdóttir, innri endurskoðandi SHS, leggur fram til samþykktar drög að nýju samkomulagi SHS og Innri endurskoðunar og ráðgjafar Reykjavíkurborgar um innri

endurskoðun SHS fyrir árin 2026 og 2027.

Niðurstaða

Samkomulag um innri endurskoðun SHS 2026-2027 samþykkt og undirritað.

Fylgiskjöl

SHS 278 3.1 Samkomulag um innri endurskoðun 2026-2027.pdf

SHS 278 3.2 Bréf IER til stjórnar v. samnings.pdf

SHS 278 3.3 Upplýsingastefna IER.pdf

4. Innri endurskoðunaráætlun 2026-2027 - 2512016

Ingunn Ólafsdóttir, innri endurskoðandi SHS, fer yfir verkefni á áætlun innri endurskoðunar SHS 2026-2027.

Niðurstaða

Innri endurskoðunaráætlun 2026-2027 samþykkt.

Fylgiskjöl

SHS 278 4.1 Innri endurskoðunaráætlun 2026-2027.pdf

SHS 278 4.2 Afgreiðsla ESKN á innri endurskoðunaráætlun.pdf

SHS 278 4.3 Tilkynning IER til stjórnar um innri endursk.áætlun.pdf

5. Úttekt á netöryggi hjá SHS - 2504011

Stefán Viðar Grétarsson frá innri endurskoðun kynnir niðurstöður úttektar á netöryggi hjá SHS. Úttektin fór fram á árinu 2025 og voru niðurstöðurnar kynntar endurskoðunarnefnd í desember.

Niðurstaða

Kynning.

Fylgiskjöl

SHS 278 5.1 Niðurstaða úttektar - Netöryggi SHS.pdf

SHS 278 5.2 Afgreiðsla endurskoðunarnefndar - Netöryggi SHS.pdf

Sif, Sigrún, Ingunn og Stefán yfirgefa fundinn kl. 9.15.

6. Ný starfsstöð á Kjalarnesi - 2602014

Kynnt fyrirhuguð áform um nýtt húsnæði Reykjavíkurborgar á Kjalarnesi, sem mun hýsa starfsstöð SHS, þjónustumiðstöð Reykjavíkurborgar og björgunarsveitina Kjöl.

Niðurstaða

Kynning.

7. Önnur mál 2026 - 2601007

7.1 SHS fékk á dögunum styrk Eyvarar NCC-IS, hæfniseturs í netöryggi á Íslandi, til eflingar netöryggis og netöryggisvitundar hjá SHS.

Niðurstaða

Kynning.

Fundi slitið kl. 09:30.

Heiða Björg Hilmisdóttir

Ásdís Kristjánsdóttir

Valdimar Víðisson

Almar Guðmundsson

Regína Ásvaldsdóttir

Þór Sigurgeirsson

